



Spennið beltin


Umsögn BHM um fjárlög 2024



Fimm hagrænar áskoranir

A black and white photograph of a roller coaster track against a cloudy sky. The track features several loops and curves, with a prominent circular loop on the right side. The track is supported by dark metal structures.


Almenningur kallar eftir efnahagslegum stöðugleika



Kaupmáttur meðallauna hefur enda sveiflast 4x meira á Íslandi en meðaltal OECD landanna



Almenningur er langþreyttur á óstöðugleika hagkerfisins




Heimild: OECD. Meðallaun eru áætluð út frá þjóðhagsreikningum og meðalfjölda starfandi í hverju hagkerfi á 2022 verðlagi.

Efnahagslegur stöðugleiki efstur í huga almennings samkvæmt könnun BHM



Líklegt er að þessi skoðun þjóðarinnar hafi hlotið aukið fylgi undanfarið





Heimild: Könnun Maskínu fyrir BHM, maí 2022. Um 1.700 manns, 18 ára og eldri, voru valdir með tilviljun úr Þjóðskrá og voru gögnin vegin til samræmis við tölur Hagstofu svo hópurinn endurspeglir þjóðina út frá kyni, aldri og búsetu.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur
dregist saman **fjóra ársfjórðunga í röð**

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann dróst saman um 5% á öðrum ársfjórðungi



Kaupmáttur tímakaupsins virðist fylgja sömu þróun að mestu




Heimild: Hagstofa Íslands.

Verðbólgan er á fleygiferð
ólíkt því sem er í öðrum löndum

Einsdæmi: Verðbólga á ársgrundvelli jókst um helming milli 2022 og 2023

Meðan verðbólgan hægði á sér um 40% að meðaltali innan Evrópulanda jókst hún um nær 50% á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands. **Samræmd vísitala neysluverðs.**

Verðbólguvæntingar til eins árs eru allt að þrefaldar á við verðbólguþætti

Fyrirtækin vænta 6% verðbólgu að ári og heimilin 8% verðbólgu



Verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja til 1 árs



Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýndar eru verðbólguvæntingar til 1 árs í september ár hvert.



A black and white photograph of a roller coaster track against a cloudy sky. The track is a complex, looping structure with several curves and a vertical loop. The text is overlaid on the upper part of the image.

Stýrivextir eru rúmlega tvöfaldir á við
meðaltalið í þróuðum ríkjum

Stýrivextir eru rúmlega tvöfaldir á við meðaltalið í þróuðum ríkjum




Nafnvaxtamunur í stýrivöxtum er um 5%




Heimild: SBÍ og OECD. *Þróuð ríki eru hér Ástralía, Kanada, Danmörk, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Spánn, Japan, Nýja Sjáland, Noregur, Svíþjóð, Sviss, Bandaríkin og Bretland.

Hagvöxtur á hvern íbúa er hverfandi og
Ísland rekur lestina í Evrópusamanburði



Enginn hagvöxtur á íbúa frá 2017-2022

Ísland rekur lestina í Evrópusamanburðinum



Heimild: Hagstofa Íslands og OECD.




Fjárlög 2024 – áherslur BHM

Tekjuhliðin



Jafna þarf byrðarnar í skattkerfinu milli launafólks og fjármagns

67% af beinum sköttum eru borin af 30% skattgreiðenda



Vandinn

Tekjustofnar hins opinbera hafa verið veiktir nokkuð frá 2019 en þar vegur þyngst breyting á tekjuskatti einstaklinga, lækkun bankaskatts og tryggingagjalds, hækkun á frítekjumarki fjármagnstekna og hækkun á skattfrelsimarki erfðafjárskatts. **Skattbyrði launafólks í efri millistétt mun óhjákvæmilega vera aukin í framtíðinni til að standa undir velferð, að óbreyttu.**

Áherslur BHM

- ✓ Tryggja þarf að réttmætt gjald sé greitt af auðlindum.
- ✓ Girða þarf fyrir hvata einstaklinga til að telja launatekjur fram sem fjármagnstekjur. Hin norræna nálgun um tvíþætt skattkerfi með hlutleysi í skattlagningu fjármagns og vinnuafls ætti að vera leiðarljós í þessum efnum.


Heimild: Staðtölur skatta og OECD. Allir skattgreiðendur eru undir. *Ekki fundust gögn fyrir Svíþjóð.

Áhyggjuefni að 77% af ólögfestum skattbreytingum verði bornar að mestu af almenningi


11 milljarða króna skattbreytingar boðaðar í formi ýmis konar gjaldahækkana



Ólögfestar skattbreytingar árið 2023 og 2024



Hlutfallskipting ólögfesta skattabreytinga




Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Hvernig samræmist aukin skattlagning á vistvænar bifreiðar loftslagsmarkmiði?

Aðeins 12% vélknúinna ökutækja eru rafknúin eða tengiltvinnbifreiðar



Hlutdeild vélknúinna ökutækja eftir orkugjafa árið 2023



Heimild: Ökutækjaskrá.




Rétt forgangsröðun?

Bílaleigur landsins voru nýlega styrktar um 1 milljarð króna til kaupa á rafbílum, þrátt fyrir að 2023 hafi verið umfangsmesta ár bílaleiga í sögunni

Stjórnvöld eru óljós með hvort skattleggja eigi ferðaþjónustuna

Engin ástæða er til þess að ferðaþjónusta njóti ívilnana langt umfram aðrar greinar



Heimild: Hagstofa Íslands.

Úr fjárlögum 2024

“Gistináttaskattur var felldur niður tímabundið á tímum faraldurs. **Að óbreyttu** er gert ráð fyrir að hann taki aftur gildi um áramót og leggjst þá einnig á skemmtiferðaskip. Nú stendur yfir vinna með hagaðilum þar sem skoðaðar verða ólíkar leiðir”

Vandinn

Þó ferðaþjónustan sé verðmætasta útflutningsstoðin er hún vinnuafslfrek lágframleiðnigrein sem veldur verulegum ytri áhrifum á hagkerfið

Áherslur BHM

Stjórnvöld mega ekki hvika frá áformum um aukna skattlagningu á ferðaþjónustu þ.m.t. skemmtiferðaskip

Fréttir

Ísland ræður ekki við svona mikinn vöxt

Már Guðmundsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, segir í viðtali við afmælisár Vísbendingar að ástæðan fyrir mikilli vaxtaþrengingunni í heilbrigðinu sé snöpp viðreisni ferðaþjónustunnar. Innleiða þurfi styrki til að ómuna vöxti í ferðaþjónustu þegar hann verði of mikill.

16. júní 2023, 11:00



Í nýlegu viðtali í Vísbendingu lýsti fyrrum Seðlabankastjóri yfir áhyggjum af ofvexti ferðaþjónustunnar og þeim verðbólguþrýstingi sem hún skapar



Útgjaldahliðin

A black and white photograph of a roller coaster track against a cloudy sky. The track is silhouetted and features several loops and curves. The text 'Útgjaldahliðin' is overlaid in the center.

Mun aðhaldskrafa bitna á framlínustarfsfólki?





Samkvæmt frumvarpinu er boðað aðhald á málefnasvið sem telja má í framlínu



Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Erfitt að sjá hvar skera ætti niður á tímum metaukningar í fólksfjölda

Mannfjöldinn eykst á ógnarhraða miðað við Evrópulöndin og álag eykst á opinber kerfi dag frá degi




Heimild: Hagstofa Íslands.

Minnum á að 8 af hverjum 10 hagræðingartækifærum finnast utan launakostnaðar



Hlutfall launa af rekstrarútgjöldum ríkisins er aðeins um 20% samkvæmt tölum Hagstofu



Heimild: Hagstofa Íslands



Að lokum



Stjórnvöld geta gert ýmislegt til
að **liðka fyrir kjarasamningum**




Helst með því að hjálpa ungu fólki

Hækka þarf hámark fæðingarorlofsgreiðslna, styðja við námsmenn og hjálpa fólki að kaupa húsnæði



Kaupmáttarvísitala hámarks fæðingarorlofsgreiðslna 2017=100




2017 2018 2019 2020 2021 2022 2023

—Kaupmáttarvísitala 2017=100


Kaupmáttur fæðingarorlofsgreiðslna er núna 10% lægri en hann var fyrir tíma núverandi ríkisstjórnar

Hlutdeild nemenda sem vinna með skóla yfir allan námstíma - könnun Eurostat



Hlutdeild nemenda sem vinna með skóla af efnahagslegri þörf er hvað mest á Íslandi í alþjóðlegum samanburði

70 fm íbúð á hbsvæði: Hlutdeild ráðstöfunartekna 25-29 ára í afborganir*



2021 2022 2023

—Óverðtryggt lán —Verðtryggt lán

Ómögulegt er fyrir ungt fólk að kaupa á höfuðborgarsvæðinu án aðstoðar foreldra, hvað þá standa undir afborgunum á fyrsta ári


Heimild: Fæðingarorlofssjóður, Eurostudent könnunin, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Seðlabanki Íslands og Hagstofan. *Miðað er við meðalverð 70 fm. íbúðar á höfuðborgarsvæði og meðaltal staðgreiðsluskyldra greiðslna 25-29 ára úr skattframtölum, skatthlutföll hvers árs og meðalvexti íbúðalána bankanna á hverjum tíma.

A black and white photograph of a roller coaster track with several loops and curves against a cloudy sky. The track is the central focus of the image, with its metal structure and rails clearly visible.

Háskólamenntaðir hjá ríki hafa
dregist aftur úr öðrum hópum

Engar raunlaunahækkningar hjá háskólamenntuðum á fjögurra ára tímabili

Ljóst er að það mun kalla á aukin útgjöld að leiðrétta þessa stöðu



Heimild: Kjaratölfræðinefnd.

Vanmat á menntun kemur niður á samfélaginu í heild

Arðsemi einstaklinga af háskólamenntun, þar sem allur kostnaður er veginn á móti ábata er hvað minnstur á Íslandi



Heimild: Skýrsla Hagfræðistofnunar um virði menntunar sem unnin var fyrir BHM. Kostnaður er tekjufórn á námstíma og beinn kostnaður. Ábati er tekjuauki á við einstakling með framhaldsskólamenntun yfir starfsævina.

Samantekt



Helstu áherslur BHM í umsögn um fjárlög 2024

Fjárlögin eru sett fram við afar krefjandi aðstæður í aðdraganda kjarasamninga



Hagræna umhverfið – sjá myndir á bls 5-17

Frá árinu 2000 hefur kaupmáttur meðallauna á Íslandi sveiflast **fjórum sinnum meir en OECD meðaltalið**. Það þarf því engan að undra að **stöðugleiki sé efstur í huga almennings samkvæmt viðhorfskönnun BHM**. Aðstæður í efnahagslífinu eru afar krefjandi fyrir hagstjórnaraðila og erfitt gæti verið að svara ákalli almennings um aukinn stöðugleika. Kaupmáttur hefur dregist **saman fjóra ársfjórðunga í röð í fyrsta skipti frá 2012** og verðbólgan jókst hlutfallslega um nær helming á ársgrundvelli milli ágúst mánaða 2022 og 2023. Er það **einsdæmi** miðað við þau lönd sem við berum okkur helst saman við. Verðbólguvæntingar til eins árs eru allt að **þrefalt verðbólgu markmið** og stýrivextir rúmlega **tvöfaldir** á við meðaltal þróaðra ríkja OECD. Ákall er um kjarabætur og aukinn stöðugleika í kjarasamningum en **hverfandi hagvöxtur er á hvern íbúa**. Ísland **rekur lestina** þegar kemur að hagvexti á hvern íbúa fyrir árin 2017-2022. Fólksfjöldaaukning er enda **rúmlega 20-föld** á við meðaltal Evrópulanda.

Tekjuhliðin – sjá myndir á bls 19-24

1. Nær annarri hverri krónu er varið í skatta og lífeyrir á Íslandi sem er með því hæsta í alþjóðlegum samanburði. 67% af beinum sköttum eru bornar af 30% skattgreiðenda þ.m.t. háskólamenntuðum. BHM kallar eftir að byrðar skattkerfisins verði jafnaðar milli launafólks og fjármagnseigenda með sanngirni að leiðarljósi.
2. BHM gerir athugasemdir við að undirliggjandi afkoma hafi verið veikt frá 2019 með lækkun bankaskatts og tryggingagjalds, hækkun á frítekjumarki fjármagnstekna og hækkun á skattfrelsismarki erfðafjárskatts, án þess að tekna hafi verið aflað á móti.
3. Girða þarf fyrir hvata einstaklinga til að telja launatekjur fram sem fjármagnstekjur og tryggja að réttmætt gjald verði greitt fyrir auðlindir. Hin norræna nálgun um tvíþætt skattkerfi með hlutleysi í skattlagningu fjármagns og vinnuafls ætti að vera leiðarljósið.
4. BHM gerir athugasemdir við að um 80% af ólögfestum skattbreytingum verði að mestu bornar af almenningi þ.m.t. gjaldahækkunar og skattheimta í samgöngum.
5. Þó bandalagið sé almennt hlynnt því að jafnræði sé aukið milli notenda samgöngukerfis er óljóst hvernig aukin gjaldtaka á vistvænar bifreiðar samræmist loftslagsmarkmiðum. Aðeins 12% vélknúinna ökutækja á skrá eru rafmagns- eða tengiltvinnbifreiðar.
6. Stjórnvöld eru óljós með hvort auka eigi skatta á ferðaþjónustu. Mikilvægt er að gistináttaskattur taki gildi um áramót. Ekkert bendir til að ferðaþjónusta þarfnist skattalegra ívilnana langt umfram aðrar atvinnugreinar.

Útgjaldahliðin – sjá myndir á bls 24-33

1. Bandalagið minnr á að 8 af hverjum 10 krónum í rekstri ríkisins er varið í þætti utan launakostnaðar – hagræðingartækifærin finnast helst utan starfsmannahalds.
2. Það vekur upp spurningar að aðhald í launakostnaði skuli boðað á þeim sviðum sem telja mætti störf í framlínu.
3. Erfitt er að sjá hvar unnt er að skera niður enda skortur á opinberu starfsfólki samhliða metaukningu í fólksfjölda.
4. Margt er ekki tiltekið í frumvarpinu sem liðkað gæti fyrir kjarasamningum m.a. hækkun á hámarki fæðingarorlofsgreiðslna, aukinn stuðningur við námsmenn og stórfelld efling vaxtabótakerfisins.
5. Efla þarf barnabótakerfið svo bætur nái lengra upp tekjudreifinguna. Það gæti skipt sköpum í kjarasamningum á opinberum vinnumarkaði og ekki síst hjá háskólamenntuðum. Kaupmáttur hjá háskólamenntuðum sem vinna hjá ríkinu jókst ekkert á tímabilinu mars 2019-janúar 2023. Líklegt er að í apríl 2024 muni háskólamenntaðir hjá ríki horfa aftur á fimm ára stöðnunartímabil í kaupmætti.

A black and white photograph of a roller coaster track, viewed from a low angle looking up. The track is dark and features a complex loop structure. The background is a cloudy sky. A white logo consisting of a stylized 'B' symbol followed by the letters 'BHM' is overlaid on the image.

 BHM